



341. fundur framkvæmdastjórnar ÍSí var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, fimmtudaginn 15. júní 2023 kl. 16:00.

Mætt: Lárus L. Blöndal forseti, Olga Bjarnadóttir 2. varaforseti, Elsa Nielsen, Garðar Svansson, Hafsteinn Pálsson, Hildur Karen Aðalsteinsdóttir, Kári Mímisson, Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Úlfur H. Hróbjartsson, Valdimar Leó Friðriksson, Viðar Garðarsson, Andri Stefánsson framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir sviðsstjóri Stjórnsýslusviðs ÍSí.

Á Teams: Hjördís Guðmundsdóttir, Hildur Karen Aðalsteinsdóttir og Kári Mímisson.

Forföll: Þórey Edda Elísdóttir 1. varaforseti og Ragnheiður Ríkharðsdóttir.

Dagskrá:

1. Frá skrifstofu

Andri Stefánsson framkvæmdastjóri fór yfir helstu verkefni skrifstofu og sviða. Samantekt þar að lútandi liggur fyrir fundinum.

2. 76. Íþróttaping ÍSí

Skipan í nefndir og ráð

Framkvæmdastjóri fór yfir skipan í nefndir og ráð. Yfirlit verður aðgengilegt fyrir stjórnarfolk á vefsvæði stjórnar. Skipunarbréf verða send út um leið og búið er að klára hlutverk og verkefni nefnda og ráða.

Skráning raunverulegra eigenda

Skila þarf inn til RSK uppfærðum upplýsingum varðandi raunverulega eigendur, í kjölfar stjórnarkjörs. Viðeigandi skjöl lágu fyrir fundinum og verður þeim skilað inn þegar allir meðlimir framkvæmdastjórnar hafa ritað undir þau.

Þinggerð

Ritun þinggerðar er langt komin og verður hún birt á heimasíðu ÍSí þegar hún hefur verið staðfest af þingforsetum.

Þýðing á lögum

Lögin hafa verið send í þýðingu en ÍSí er skylt að senda þýðingu af öllum lagabreytingum til Alþjóðaólympíunefndarinnar (IOC), til staðfestingar.

3. Smáþjóðaleikar 2023

Forseti fór yfir helstu þætti varðandi þátttöku Íslands í leikunum.

Rætt um skráningu íþróttafólks sem ekki er búsett í löndum þátttökuþjóðanna og hlutgengi þeirra í leikunum. Grunur leikur á að einhverjar þjóðir sniðgangi lög og reglur leikanna hvað þetta varðar. Ekki gilda sömu reglur hjá öllum GSSE þjóðunum hvað varðar ríkisborgararétt og það flækir málin. Forseti sagði nauðsynlegt að ræða þetta sérstaklega á næstu fundum á vettvangi GSSE og setja skýrari reglur hvað þetta varðar.

Á ýmsu gekk varðandi skipulag og framkvæmd leikanna og mátti engu muna að hótél þátttakendanna væri ekki tilbúið þegar mætt var til leikanna. Mikið mæddi á

fararstjórunum, sem stóðu sig mjög vel og einnig kom stjórnarfélagið sterkt inn, studdi vel við bakið á fararstjórninni ásamt því að styðja íþróttafólkið í keppni. Olga Bjarnadóttir, 2. varaforseti ÍSÍ, situr í tækninefnd leikanna og sinnti eftirliti í rúgbýkeppni leikanna.

Rætt um kostnað við þátttöku í leikunum og kostnaðarhlutdeild ÍSÍ. Fundarmenn voru sammála um að skoða beri þátttöku Íslands í leikunum frá öllum hliðum næstu mánuði til að hafa góða samantekt til hliðsjónar við ákvörðun um þátttöku Íslands í leikunum í framtíðinni. Stórt alþjóðlegt mót í frjálsíþróttum var í gangi á svipuðum tíma og leikarnir og KKÍ ákvað að taka ekki þátt í leikunum. Gestgjafar voru á móti því að fá mótin metin inn á styrkleikalista alþjóðasambanda (sund og frjálsíþróttir) og samþykkt smáþjóðanna um að auka vægi leikanna var þannig ekki virt á leikunum á Möltu.

Á móti kemur að leikarnir eru á margan hátt einstakt tækifæri fyrir íslenskt íþróttafólk að keppa á alþjóðlegu fjölgreinamóti og gefa dýrmæta reynslu. Mjög góður árangur náðist í sundi og voru nokkur Íslandsmet sett. Gagnvart alþjóðlegu starfi hefur Ísland þá sérstöðu á meðal Norðurlandþjóðanna að vera í góðu samstarfi við smáþjóðirnar til viðbótar við samstarf norrænu þjóðanna og er því gríðarlega vel tengt inn í evrópsku íþróttahreyfinguna.

Ásmundur Einar Daðason, mennta- og barnamálaráðherra, Erna Kristín Blöndal ráðuneytisstjóri og Örvar Ólafsson sérfræðingur sóttu fyrri hluta leikanna. Ráðherra sótti sérstakan ráðherrafund smáþjóða, sem venja er að haldinn sé í tengslum við hverja leika. Ráðherra fundaði einnig með fulltrúum ÍSÍ og Vésteini Hafsteinssyni afreksstjóra ÍSÍ um afreksíþróttamál. Vésteinn var á Möltu alla leikana, hitti þar íþróttafólkið og fundaði með fulltrúum þeirra sérsambanda sem þar voru með keppendur.

Umræður urðu um þær keppnisgreinar sem eru hverju sinni á Smáþjóðaleikum og framtíð leikanna. Nýverið var var gerð könnun hjá smáþjóðunum varðandi þær íþróttagreinar sem þær helst myndu vilja hafa á leikunum. Könnunin ætti að gefa gott innlegg inn í umræður um framtíðina.

Rætt var um mögulega þátttöku fatlaðs íþróttafólks í leikunum. Framkvæmdastjóri upplýsti að það hafi verið rætt á GSSE fundum en sé talið erfitt í framkvæmd.

4. Evrópuleikar 2023

Tekið fyrir erindi frá Afrekssviði ÍSÍ um íslenska hópinn á leikunum, sem haldnir verða í Kraków-Malopolska dagana 21. júní til 2. júlí nk. Leikarnir eru álfuleikar á forræði Evrópusambands Ólympíunefnda (EOC). Samþykkt að íslenski hópurinn verði skipaður eftirtöldum:

Keppendur:

Marin Anita Hilmarsdóttir, keppandi í bogfimi (sveigboga)
Davíð Bjarni Björnsson, keppandi í badminton (tvíliðaleik)
Kristófer Darri Finnsson, keppandi í badminton (tvíliðaleik)
Hákon Þór Svavarsson, keppandi í skotíþróttum (skeet)
Andri Nikolaysson Mateev, keppandi í skylmingum
Gunnar Egill Ágústsson, keppandi í skylmingum
Ingibjörg Erla Grétarsdóttir, keppandi í skylmingum

Aðrir:

ÍSÍ

Andri Stefánsson, framkvæmdastjóri

Fararstjórn

Kristín Birna Ólafsdóttir, aðalfararstjóri

Brynja Guðjónsdóttir, aðstoðarfararstjóri

Martha Ernstsóttir, sjúkráþjálfari

Þjálfarar/flokkstjórar

Guðmundur Örn Guðjónsson, þjálfari í bogfimi

Valgerður Einarsdóttir Hjaltsted, þjálfari í bogfimi

Kenneth Kruse Larsen, þjálfari í badminton

Kristján Daníelsson, flokksstjóri í badminton

Birna Jóhanna Sævarsdóttir, flokksstjóri í skotíþróttum

Gunnar Tore Bratli, þjálfari í taekwondo

5. Ólympíuhópur fyrir París 2024

Framkvæmdastjóri skýrði frá undirbúningi Ólympíuhóps ÍSÍ fyrir Ólympíuleikana (ÓL) í París 2024. Hann sagði afreksstjóra ÍSÍ hafa fundað með sérsamböndum varðandi málið og áætlað sé að í byrjun telji hópurinn 8-10 einstaklinga sem taldir eru á þessum tímapunkti eiga mesta möguleika á því að vinna sér inn þátttökurétt á ÓL. Áætlað er að listinn verði „lifandi“ og endurskoðaður mánaðarlega. Endanlegur listi þátttakenda verði síðan lagður fyrir framkvæmdastjórn ÍSÍ til staðfestingar þegar hann liggur fyrir þegar nær dregur leikunum.

Hópurinn verður kynntur í fjölmiðlum og mun Upplýsinga- og fjölmiðlanefnd ÍSÍ annast undirbúning málsins.

Rætt um nauðsyn þess að línur séu skýrar varðandi val inn í hópinn og rökstuðning þar að lútandi.

Framangreint verklag varðandi Ólympíuhóp ÍSÍ samþykkt.

6. Endurskoðun reglugerða ÍSÍ

Þingsköp ÍSÍ voru uppfærð fyrir tveimur árum en þörf er á því að endurskoða nokkrar af reglugerðum ÍSÍ á næstu mánuðum. Reglugerðum sem tengjast málefnum vinnuhópa verður vísað til þeirra til endurskoðunar og breytinga.

7. Staðfesting á fulltrúa ÍSÍ í samráðshópi mennta- og barnamálaráðuneytis vegna alþjóðasamnings Evrópuráðsins um samhæfða nálgun í öryggismálum og þjónustu á knattspyrnuleikjum og öðrum íþróttaviðburðum

Hafsteinn Pálsson hefur verið skipaður fulltrúi ÍSÍ í samráðshópnum. Búið er að boða til fyrsta fundar hósins.

8. Fundargerðir

Eftirtaldar fundargerðir og samantektir lagðar fram og staðfestar:

- 339. og 340. fundar framkvæmdastjórnar ÍSÍ.
- Fundar laganefndar ÍSÍ frá 17. febrúar og 24. mars 2023.

- Samantekt frá skrifstofu.
- Minnisblað frá 43. EOC Seminar.
- Minnisblað frá aðalfundi GSSE.

Framkvæmdastjóri skýrði frá því að fundargerð frá síðasta fundi Afrekssjóðs ÍSÍ verði lögð fyrir á næsta fundi stjórnar. Daníel Jakobsson formaður Afrekssjóðs ÍSÍ skýrði frá því að sjóðsstjórnin telur rétt að hafa bókanir og fundargerðir Afrekssjóðs ÍSÍ opnari og gegnsærri til að mæta óskum sérsambanda þar að lútandi. Framkvæmdastjórn styður þá ákvörðun.

9. Viðburðir fram undan

Farið fyrir viðburði sem framundan eru og mönnun þeirra.

10. Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSÍ

Næsti fundur framkvæmdastjórnar er áætlaður miðvikudaginn 28. júní nk. kl. 16:00. Fundaáætlun út árið 2023 verður send út fljótlega sem og dagsetning Formannafundar ÍSÍ og vinnufundar stjórnar.

11. Önnur mál

Pallborðsumræður á Hinsegin dögum

Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir skýrði frá því að henni hafi borist beiðni um að sitja í pallborði á Hinsegin dögum, sem fulltrúi ÍSÍ. Samþykkt að verða við þeirri beiðni.

Vinnuhópur ráðuneytis um almenningsíþróttir.

Hildur Karen Aðalsteinsdóttir upplýsti um vinnu hópsins og verkefni hennar sem fulltrúa ÍSÍ í hópnum.

Rætt um hvernig íþróttahreyfingin getur best mætt þeim einstaklingum sem vilja vera innan íþróttahreyfingarinnar hverju sinni og stunda reglubundna hreyfingu. Þetta málefni tengist einnig inn í önnur verkefni sem ÍSÍ er aðili að og inn í ýmsa aðra vinnuhópa. Fundarmenn voru sammála um að samræma þurfi framsetningu, aðgerðir og framtíðarsýn hvað þetta varðar til að forðast misræmi á milli mismunandi vinnuhópa og aðgerða.

Skipan fulltrúa í Afrekssjóð ÍSÍ

Lagt fram bréf frá mennta- og barnamálaráðuneytinu þar sem tilkynnt er að Sigrún Sjöfn Ámundadóttir verði fulltrúi ráðuneytisins í sjóðsstjórn Afrekssjóðs ÍSÍ.

Samþykkt 76. Íþróttabings um starfsstöðvar ÍSÍ og UMFÍ

Garðar Svansson ræddi nauðsyn þess að hraða viðræðum við mennta- og barnamálaráðuneytið varðandi mögulega aðkomu þess að uppbyggingu starfsstöðva ÍSÍ og UMFÍ um landið. Hann sagði áriðandi að íþróttahéruð yrðu vel upplýst um framvindu mála og tímaáætlanir.

Vinnuhópar og ráð

Rætt um nauðsyn þess að vinnuhópar geti strax hafist handa við að vinna tímalínur og verkefnalista til að starfið geti hafist af fullum þunga síðsumars.

European Olympic Academy (EOA)

Framkvæmdastjóri skýrði frá fundi EOA sem haldinn var í tengslum við Smáþjóðaleikana á Möltu og stjórnarfolk ÍSÍ, sem statt var á leikunum, sótti. Á þeim fundi var lögð áhersla á

að ÍSí verði aðili að samtökunum og verði með sérstaka Ólympíuakademíu starfandi. Framkvæmdastjóri útskýrði að þar sem ÍSí er samsett úr bæði ólympíunefnd og íþróttasambandi þá eru fræðslumálin varðandi ólympísk gildi hluti af fræðslumálum ÍSí. Ólympíuakademían er til (að nafninu til) og var stofnuð fyrir sameiningu ÍSí og ÓÍ en við sameiningu varð hún hluti af Fræðslusviði ÍSí. Ekki hafi verið talin þörf á því að hafa sérstaka akademíu hér á landi til að sinna ólympíuskum málefnum hingað til enda nái Fræðslu- og almenningsíþróttasvið ÍSí vel að halda utan um þau verkefni sem snúa að málaflokknum.

Fundur um Þjóðarhöll í innanhússíþróttum

Forseti skýrði frá því að hann hafi fundað með Ómari Einarssyni og Gunnari Einarssyni þar sem farið var yfir stöðu mála varðandi uppbyggingu Þjóðarhallar í innanhússíþróttum. Einhver seinkun er á málinu en bjartsýni ríkir þó enn um stöðu þess. Mögulega verður búið að ná niðurstöðu varðandi deiliskipulag og hönnun á næstu vikum, sem og kostnaðarskiptingu á milli ríki og borgar. Útboð verða unnin í samvinnu við aðila sem koma að málinu.

Rætt um nýtingu rýma í höllinni og skipulag og nýtingu alls svæðis í kringum Íþróttamiðstöðina.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.
Halla Kjartansdóttir, fundarritari.